

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 244/2014 um gjaldskrá Háskóla Íslands vegna þjónustu við nemendur o.fl., og innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalds.

1. gr.

Á eftir 15. gr. reglnanna bætist við ný grein, 16. gr., en núverandi 16. gr. verður 17. gr. Hin nýja grein orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Tölfræðiráðgjöf við heilbrigðisvísindasvið.

	Minni verkefni 3-9 klst.	Stærri verkefni > 10 klst.	> 10 klst. og samstarfssamningur
Verð á útseldri klst.			
Nemendur við HÍ og aðra háskóla	kr. 5.000	kr. 5.000	kr. 5.000
Kennarar/starfsfólk HÍ	kr. 9.500	kr. 8.750	kr. 5.000
Aðrir	kr. 15.525	kr. 14.375	

Ráðgjöf seld nemendum og kennurum er án virðisaukaskatts, en virðisaukaskattur leggst á ráðgjöf sem er seld aðilum utan Háskóla Íslands. Aðstoð í tvær klst. eða minna eða í gegnum samfélagsmiðla er án endurgjalds.

Grunnur að gjaldskránni er kostnaður við rekstur tölfræðiráðgjafarinnar, þ.e. laun starfsmanna, hluti af tíma starfsmanna sem ekki er seldur út og fer í þróun ráðgjafarinnar, s.s. heimasíðu með leiðbeinandi upplýsingum, húsnæði og annar kostnaður vegna aðstöðu. Gjaldskrá fyrir nemendur er niðurgreidd af heilbrigðisvísindasviði.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur samþykkt að fenginni tillögu stjórnar heilbrigðisvísindasviðs, eru settar með stöð í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sbr. einnig 71. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 9. september 2016.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.